



Embætti
landlæknis
Directorate of Health

TALNABRUNNUR

Fréttabréf landlæknis um heilbrigðisupplýsingar

9. árg. 3. tölublað. Mars 2015.

EFNI:

ICF útgáfa á íslensku	bis.	1
Fóstureyðingar á Norðurlöndum 2013	bis.	3

Ritstjórn

Sigríður Haraldsdóttir
sviðsstjóri, ábm.

Jónína M. Guðnadóttir

Ritstjóri

Hildur Björk Sigbjörnsdóttir

EMBÆTTI LANDLÆKNIS HEILBRIGÐISUPPLÝSINGAR

Barónsstíg 47
101 Reykjavík
Sími: 510 1900
Bréfasími: 510 1919

Netfang: mottaka@landlaeknir.is
Veffang: www.landlaeknir.is

Heimilt er að nota efni þessa
fréttabréfs, sé heimildar getið.

ICF ÚTGÁFA Á ÍSLENSKU

Á næstunni kemur út á vegum Embættis landlæknis íslensk útgáfa af Alþjóðlega flokkunarkerfinu um færni, fötlun og heilsu (*International Classification of Functioning, Disability and Health, ICF*). Er þetta í fyrsta sinn sem kerfið kemur út á prenti á íslenskri tungu. ICF flokkunarkerfið lýsir færni frá ólíkum sjónarhornum og er gert fyrir samræmda skráningu á heilsutengdri færni og færniskerðingu. Uppbygging kerfisins beinir sjónum að samspili milli heilsufars, færni og aðstæðna en einblínir ekki einvörðungu á sjúkdóma. Í klínísku umhverfi nýtist ICF t.d. til þess að meta færni, setja markmið og ákveða meðferðar-áætlanir, fylgjast með árangri og meta útkomu.



Þróun og notkun kerfisins hjá WHO


ICF flokkunarkerfið var í þróun í mörg ár en var formlega samþykkt af Alþjóðaheilbrigðismálastofnuninni (WHO) árið 2001. Í samþykktinni hvetur WHO sérstaklega til notkunar kerfisins við rannsóknir, eftirlit og skýrslugerð. ICF er hluti af svokallaðri „fjölskyldu“ alþjóðlegra flokkunarkerfa WHO eða [The WHO Family of International Classifications](#). Til þessa hóps teljast einnig sjúkdómaflokkunarkerfið *International Classification of Diseases (ICD)* og meðferðarflokkunarkerfið *International Classification of Health Interventions (ICHI)*, auk annarra afleiddra og tengdra flokkunarkerfa. Hugmyndafræði ICF flokkunarkerfisins hefur m.a. legið til grundvallar í könnunum á heilsufari sem Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin hefur framkvæmt. Má þar nefna Multi-Country Survey Study sem gerð var 2000-2001 og World Health Survey 2002-2004. Síðarnefnda

könnunin, World Health Survey, var stærsta samræmda fjölþjóðlega könnunin sem gerð hefur verið á heilsufari og fötlun en hún náði til um 70 landa.

Þýðingarvinnan

Vinna við þýðingu ICF á íslensku hófst fyrir allmörgum árum síðan og byggir á samningi Embættis landlæknis við Alþjóðaheilbrigðismálastofnunina. Embætti landlæknis hefur annast utanumhald verksins en samningur var gerður við heilbrigðisvísindasvið Háskólans á Akureyri um sjálfa þýðinguna. Auk framlags embættisins fékkst fjárhagslegur stuðningur frá ráðuneytum menntamála og heilbrigðismála.

Aðferðafræðin við þýðinguna byggir á fyrirmælum Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar. Í anda þeirrar þverfaglegu stefnu sem mælt er fyrir um af stofnuninni var óskað eftir samráðshópi frá breiðu baklandi fagfólks til að vinna að þýðingunni með ritstjóra. Þýðing almennra hugtaka flokkunarkerfisins fór í bakþýðingu og var niðurstaða hennar rýnd í samráði við sérfræðinga Íslenskrar málstöðvar. Haustið 2009 var hafið opið samráðsferli um frumþýðinguna með því að drög að þýðingu ICF voru birt á íslensku á sérstökum vef embættisins fyrir flokkunarkerfi, www.skafi.is. Sú vinna var kynnt á vegum Embættis landlæknis, m.a. á heimasíðu þess og í fréttabréfinu Talnabrunni. Allt frá þeim tíma hefur verið óskað eftir ábendingum um orðnotkun og þýðingar frá áhugasömum notendum ICF. Málþing var haldið í september 2010 þar sem þverfaglegir vinnuhópar fjölluðu um þýðingar, bæði á almennum og sértækum hugtökum. Í kjölfarið voru haldnir nokkrir samráðsfundir þar sem farið var yfir atriði sem út af stóðu eftir málþingið.



Samspil í ICF flokkunarkerfinu

Íslenska útgáfan

Íslenska útgáfan sem væntanleg er á prenti er svokölluð „stutt útgáfa“ af ICF sem takmarkast við hugtök á tveimur efstu stigum flokkunarkerfisins. Í útgáfunni er einnig að finna inngang með lýsingum á líkaninu um færni og fötlun, sem kerfið byggir á, markmiðum með útgáfu kerfisins og eiginleikum þess. Þá eru í bókinni viðaukar þar sem m.a. er fjallað um flokkunarfræði og íðorð, gefnar ítarlegar leiðbeiningar um notkun kerfisins og kynntar

reglur þar að lútandi. Bókin inniheldur allar þær uppfærslur á ICF kerfinu sem gerðar hafa verið frá upprunalegu útgáfunni 2001 til ársins 2014.

Í heild sinni spannar ICF flokkunarkerfið hugtök á allt að fjórum stigum og á vefsíðunni www.skafli.is er að finna alla kóða kerfisins með heitum á íslensku og á ensku. Á næstu mánuðum verður unnið að uppfærslu rafrænu útgáfunnar.

Kynning

Í apríl 2014 stóð Embætti landlæknis, ásamt Háskóla Íslands og Háskólanum á Akureyri, fyrir málþingi um ICF-flokkunarkerfið. Málþingið sóttu um 120 manns. Framsögumaður var dr. Jerome Bickenbach, sérfræðingur á sviði ICF sem ræddi um tilurð, þróun og notagildi flokkunarkerfisins. Innlendir fagaðilar greindu frá möguleikum og áhrifum ICF á starf sitt og sjónarhorn borgarans var reifað. Þá var vinnan við íslenska þýðingu ICF flokkunarkerfisins kynnt. Fleiri formlegar kynningar á kerfinu eru ekki á döfinni en embættið mun vekja athygli fagfólks á bókinni þegar hún kemur út.

Guðrún Kr. Guðfinnsdóttir

FÓSTUREYÐINGAR Á NORÐURLÖNDUM 2013

Skýrslan [Aborter i Norden 2013](#) kom nýverið út hjá finnsku heilsu- og velferðarstofnuninni THL. Í skýrslunni, sem kemur út annað hvert ár, er að finna samanburð á fjölda fóstureyðinga á Norðurlöndunum fram til ársins 2013.


Um 78.500 fóstureyðingar voru framkvæmdar á Norðurlöndunum árið 2013, rúmlega 37.000 í Svíþjóð, 15.300 í Danmörku, 14.800 í Noregi, 10.100 í Finnlandi og 966 á Íslandi. Lítil breyting hefur orðið á samanlögðum fjölda fóstureyðinga á Norðurlöndunum undanfarin ár þó að nokkur fækkun hafi orðið í Finnlandi, Noregi og í

Danmörku. Á Íslandi hefur fjöldi fóstureyðinga haldist nokkuð stöðugur.

Fóstureyðingar miðað við 1.000 konur á frjósemisaldri


Árið 2013 voru fóstureyðingar miðað við 1.000 konur á frjósemisaldri (15-49 ára) fæstar í Finnlandi (8,7) en flestar í Svíþjóð (17,5). Á Íslandi voru framkvæmdar 12,5 fóstureyðingar á hverjar 1.000 konur á aldrinum 15-49 ára, sem er heldur lægra en hið norræna meðaltal (13,5).

Fóstureyðingar á Norðurlöndum 2013
miðað við 1.000 konur á aldrinum 15-49 ára



Aldursdreifing er með svipuðu sniði á öllum Norðurlöndunum. Fóstureyðingar eru algengastar meðal kvenna á aldrinum 20-24 ára og næst algengastar hjá konum á aldrinum 25-29 ára. Þá eiga Norðurlöndin það ennfremur sammerkt að fóstureyðingum meðal kvenna yngri en 20 ára fer fækkandi en norræna meðaltalið árið 2013 var 14,4. Til samanburðar voru framkvæmdar 18,7 fóstureyðingar á hverjar 1.000 konur yngri en 20 ára á Norðurlöndum árið 2003. Fækkunin í þessum yngsta aldurshópi er nokkur á Íslandi. Þannig gekkst 13,1 kona á hverjar 1.000 á aldrinum 15-19 ára undir fóstureyðingu á Íslandi árið 2013, en áratugi fyrr, árið 2003, voru framkvæmdar 19,2 fóstureyðingar á hverjar 1.000 konur í þessum sama aldurshópi.

Fóstureyðingar á Norðurlöndum 2013
miðað við 1.000 lifandi fædda



Fóstureyðingar miðað við 1.000 lifandi fædda

Nokkur munur er á milli Norðurlandanna hvað varðar fjölda fóstureyðinga á hver 1.000 lifandi fædd börn. Í Finnlandi voru framkvæmdar fæstar fóstureyðingar árið 2013, 173 á hverja 1.000 lifandi fædda einstaklinga en flestar í Svíþjóð, 330 miðað við 1.000 lifandi fædda. Á Íslandi voru framkvæmdar 223 fóstureyðingar á hverja 1.000 lifandi fædda árið 2013.

Skýrslan *Aborter i Norden 2013* inniheldur einnig tölulegar upplýsingar um fæðingar á Norðurlöndunum en helsti mælikvarði á frjósemi er fjöldi lifandi fæddra barna á ævi herrar konu. Á Norðurlöndunum var frjósemi íslenskra og danskra kvenna mest árið 2013 (1,93), nokkuð meiri en í Svíþjóð (1,89), Noregi (1,78) og í Finnlandi (1,76). Þrátt fyrir að dregið hafi úr frjósemi kvenna á Norðurlöndum er hún enn talsvert mikil í samanburði við önnur Evrópulönd þar sem meðalfrjósemi er 1,58 lifandi fædd börn á ævi herrar konu. Jafnan er miðað við að frjósemi þurfi að vera um 2,1 barn til þess að viðhalda mannfjöldanum til lengri tíma litið.


Fóstureyðingar og meðgöngulengd

Hlutfall fóstureyðinga sem framkvæmdar eru innan 9 vikna meðgöngu á Norðurlöndunum hefur aukist. Árið 2013 var hlutfall fóstureyðinga sem framkvæmdar voru á fyrstu vikum meðgöngu hæst í Svíþjóð (79%) og næst hæst í Finnlandi (74,6%). Á Íslandi voru 73,4% fóstureyðinga árið 2013 framkvæmdar innan 9 vikna meðgöngu en 20,5% eftir 9-12 vikna meðgöngu. Fjöldi fóstureyðinga sem framkvæmdar eru eftir 12 vikna meðgöngu hefur verið nokkuð stöðugur undirfarin ár á Norðurlöndunum.

Mismunandi skilyrði

Við samanburð á fjölda framkvæmdra fóstureyðinga á Norðurlöndunum er vert að hafa í huga að lagalegt umhverfi er ólíkt í löndunum og því mismunandi skilyrði sem liggja til grundvallar í hverju landi fyrir sig áður en aðgerð er framkvæmd. Í Danmörku, Noregi og Svíþjóð geta þungaðar konur ákveðið upp á eigin spýtur að undirgangast fóstureyðingu. Í

Fóstureyðingar á Norðurlöndum 2013 Meðgöngulengd í vikum



Svíþjóð er heimilt að fara í fóstureyðingu fram að 19. viku meðgöngu en í Danmörku og Noregi er miðað við að slíkar aðgerðir skuli ekki framkvæmdar eftir 12 vikna meðgöngu. Fóstureyðingar eru þó heimilaðar af

læknisfræðilegum ástæðum í ofangreindum löndum eftir 12-18 vikna meðgöngu og þá í kjölfar álits sérfræðinga. Á Íslandi og í Finnlandi verður að liggja fyrir rökstudd greinargerð læknis og/eða félagsráðgjafa áður en aðgerð er framkvæmd, sama hversu langt konan er gengin með.

Samkvæmt [Íslenskum lögum um fóstureyðingar](#) á að framkvæma fóstureyðingu eins fljótt og hægt er, helst fyrir 12. viku meðgöngu. Fóstureyðingu má ekki framkvæma eftir 16. viku meðgöngu nema fyrir hendi séu ótvíræðar læknisfræðilegar ástæður, svo sem alvarlegir fósturgallar eða að lífi og heilsu konunnar sé stefnt í hættu. Fóstureyðing eftir 16. viku er aðeins heimiluð á Íslandi að fengnu leyfi sérstakrar nefndar.

Hildur Björk Sigbjörnsdóttir